

# Íslandsbanki hf.: Birting afkomu fyrsta ársfjórðungs 2023

**Íslandsbanki mun birta afkomu fyrir fyrsta ársfjórðung 2023 eftir lokun markaða þann 4. maí 2023. Rafrænn afkomufundur föstudaginn 5. maí kl. 8.30.**

Íslandsbanki mun halda rafrænan afkomufund föstudaginn 5. maí kl. 8.30 fyrir fjárfesta og markaðsaðila.

Birna Einarsdóttir, bankastjóri og Jón Guðni Ómarsson, fjármálastjóri munu kynna afkomu bankans á fyrsta ársfjórðungi 2023 og helstu atriði í rekstri hans. Fundurinn fer fram á ensku.

Vefstreymið fer fram [á þessari síðu](#). Upptaka af fundinum verður aðgengileg á heimasíðu fjárfestatengsla að honum loknum. Markaðsaðilar geta einnig hringt inn á fundinn og lagt fram spurningar munnlega með því að skrá sig [á þessari síðu](#). Þar kemur upp listi yfir innhringingarnúmer og persónulegt PIN-númer. Ef það er ekki til staðarnúmer fyrir landið þitt, eða ef þú vilt fá símtal í stað þess að hringja inn, er hægt að nota „Hringja í mig“ valkostinn. Veldu þá landið þitt, sláðu inn símanúmerið þitt og smelltu á bláa „Call me“ hnappinn til að tengjast.

Nánari upplýsingar veita fjárfestatengsl, Bjarney Anna Bjarnadóttir, [ir@islandsbanki.is](mailto:ir@islandsbanki.is). Sími: 698 0259.

Póstlisti Íslandsbanka

Ef þú vilt gerast áskrifandi að kauphallarfréttum Íslandsbanka þá vinsamlegast skráðu þig hér: [https://www.islandsbanki.is/is/grein/postlisti\\_ir](https://www.islandsbanki.is/is/grein/postlisti_ir)

Um Íslandsbanka

Íslandsbanki er alhliða banki sem leggur áherslu á að koma til móts við þarfir viðskiptavina sinna og á sér langa sögu sem nær aftur til ársins 1875. Bankinn leggur áherslu á traustan rekstur og að hafa jákvæð áhrif í samfélaginu en hlutverk bankans er að vera hreyfiafl til góðra verka svo viðskiptavinir okkar nái árangri. Með framtíðarsýn um að skapa virði til framtíðar með því að veita framúrskarandi þjónustu, vinna þrjár viðskiptaæiningar þétt saman til þess að viðhalda góðum viðskiptasamböndum. Markaðshlutdeild bankans er sterk og rekur bankinn skilvirkasta útibúanetið á landinu og styður um leið við viðskiptavini sína á stafrænni vegferð þeirra. Umhverfið sem bankinn starfar í er eftirsóknarvert og er Íslandsbanki vel í stakk búinn að takast á við tækifærin framundan með öflugar tæknilegar stoðir og sterkan efnahagsreikning. Íslandsbanki er með láns hæfismatið BBB/A-2 frá S&P Global Ratings. Hlutabréf bankans eru skráð á Aðalmarkað Nasdaq Iceland.

Fréttatilkynning  
27 April 2023 15:10:00 GMT



## Viðhengi

[Íslandsbanki hf.: Birting afkomu fyrsta ársfjórðungs 2023](#)